

**Sp.**

**64. Tillaga til þingsályktunar**

**[53. mál]**

um lánsútvegum vegna sementsverksmiðju o. fl.

Flm.: Einar Olgeirsson, Lúðvík Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að leita fyrir sér eða láta leita um möguleika á því við stjórn Austur-Þýzkalands (Deutschen Demokratischen Republik) að kaupa þaðan vélar til sementsverksmiðju með gjaldfresti til nokkurra ára gegn greiðslu í fiskafurðum, sem samið væri um til sama árabils. Enn fremur heimilast ríkisstjórninni að athuga, hvort samsvarandi möguleikar væru um kaup á vélum til fyrirhugaðra raforkuvera.

**Greinargerð.**

Erfiðlega hefur gengið um útvegum lána til byggingar sementsverksmiðju. Samkvæmt upplýsingum, er fram komu á Alþingi í fyrra, er svo að sjá, að sett séu þau skilyrði fyrir slíkum lánveitingum í Bandaríkjunum, að sementsverksmiðjan sé eign einkaaðila, en ekki íslenska ríkisins, eins og lög mæla fyrir.

Vitað er, að möguleikar eru á að kaupa vélar til sementsverksmiðju í Austur-Þýzkalandi. Ætla má, að verð á þeim sé samkeppnisfært, því að þaðan eru seldar slíkar vélar víða um heim.

Hins vegar er það staðreynd, að möguleiki er á að selja miklu meira af freðfiski og ísfiski frá Íslandi til Austur-Þýzkalands en nú er gert. En verð á þeim fiski, sem samið hefur verið um við Austur-Þýzkaland, er mun hærra en vér fáum víða annars staðar.

Í viðræðum, sem fram hafa farið við stjórnarvöld í Austur-Þýzkalandi, hefur það komið í ljós, hvað vélar til hraðfrystihúsa snertir, að hugsanlegt var að semja um 3—5 ára gjaldfrest á slíkum vélum, einkum ef samningar væru gerðir til sama tíma um sölu á fiskafurðum. Ekki væri óhugsandi, að svipaðir samningar gætu fengizt um vélar til sementsverksmiðju, og er því rétt, að það sé athugað. Ef vel gengi með slíkt, væri og rétt að reyna svipaða samninga um vélar til raforkuveranna, sem nú eru fyrirhuguð í Sogi, Lagarfossi og Dynjanda.

Fyrir þjóðarbúið væri það mikill kostur að geta fengið vélar þessar með slíkum samningum. Jafnvel væri það hreinn ávinningur fyrir þjóðarbúið að eignast slíkar vélar fyrir fisk, sem ella hefði ekki verið framleiddur. En svo sem kunnugt er, hefur það borið við stundum undanfarið, að togarar og bátar hafa legið aðgerðalausir um nokkurn tíma árs, er vel var hægt að nota til fiskframleiðslu.

Ef slíkir samningar tækjust, þá væri þar með tryggður mestallur gjaldeyrir, sem þyrfti til vélakaupa í þessi nauðsynjafyrirtæki. Lánsútvegum til þess að gera þjóðarbúinu auðveldara um afborgun þessara fyrirtækja væri þá einvörðungu innanlandsmál og undir því komið, hvort rétt fjármálastefna er höfð til þess að hagnýta sem bezt afkastagetu þjóðarinnar.